

Reglur Vestmannaeyjabæjar um veitingu launalausra leyfa

1. Umsókn um launalaust leyfi skal senda forstöðumanni á þar til gerðu eyðublaði og studd viðeigandi gögnum. Ástæður starfsmanns og umsögn forstöðumanns skulu ávallt fylgja umsókn. Þá skal starfsmaður tilgreina hvort til standi að koma aftur til starfa.
Forstöðumenn skulu beina umsóknum um launalaus leyfi til framkvæmdastjóra stjórnslu- og fjármálasviðs til ákvörðunar, sbr. fullnaðarafgreiðsluumboð í viðauka III við bæjarmálasamþykkt Vestmannaeyjabæjar nr. 991/2020.
2. Umsókn um launalaust leyfi til lengri tíma en þriggja mánaða skal send með a.m.k. þriggja mánaða fyrirvara. Umsókn um launalaust leyfi til styttri tíma skal berast a.m.k. sex vikum áður en áætlað leyfi hefst.
3. Almennt skal leyfi ekki veitt til lengri tíma en 12 mánaða. Í undantekningartilvikum er hægt að sækja um framlengingu á 12 mánaða leyfi til hlutaðeigandi forstöðumanns og framkvæmdastjóra stjórnslu- og fjármálasviðs, sem taka ákvörðun um hvort framlenging skuli veitt.
4. Launalaust leyfi til lengri tíma en fjögurra vikna skal aðeins veitt þegar til þess liggja ríkar ástæður, sem starfsmanni ber að tilgreina. Um eftirfarandi viðmið getur m.a. verið að ræða:
 - Framlenging á fæðingarorlofi
 - Sérstakar fjölskylduástæður
 - Framhaldsnám
 - Annað sem kann að réttlæta launalaust leyfi
5. Ef starfsmaður hyggst ráða sig til annarrar vinnu verður launalaust leyfi að jafnaði ekki veitt. Launalaust leyfi getur þó í undantekningartilfellum verið veitt til eins árs að hámarki ef starfsmaður hyggst ráða sig í tímabundið starf, til jafn langs tíma og launalaus leyfið nemur, sem auðsjáanlega mun koma viðkomandi til góða í starfi. Jafnframt að aðstæður á vinnustað séu þannig að leyfinu verði við komið með viðunandi hætti. Hlutaðeigandi forstöðumaður og framkvæmdastjóri stjórnslu- og fjármálasviðs meta og ákveða hvort leyfið skuli veitt.
6. Til að geta sótt um launalaust leyfi til lengri tíma en 3 mánaða þarf starfsmaður að hafa unnið í að minnsta kosti 5 ár hjá Vestmannaeyjabæ. Til að geta sótt um launalaust leyfi í allt að 3 mánuði þarf starfsmaður að hafa unnið hjá Vestmannaeyjabæ í 1 ár.
7. Óski starfsmaður eftir launalaus leyfi í allt að fjórar vikur, án þess að það hafi áhrif á starfsemina eða leiði til kostnaðarhækkana, er leitast við að verða við slíkri beiðni. Það sama á við ef knýjandi persónulegar ástæður eru fyrir beiðni um launalaust leyfi.
8. Sami starfsmaður fær ekki endurtekið leyfi nema sérstakar fjölskylduástæður eða framhaldsnám eða aðrar sérstakar ástæður réttlæti það og hagsmunir sveitarfélagsins mæli ekki gegn því.
Endurtekið leyfi er ekki veitt til lengri tíma en 3 mánaða nema liðin séu a.m.k. 5 ár frá veitingu síðasta leyfis. Ef ráðinn er starfsmaður í stað þess sem veitt er launalaust

leyfi, skal ganga skriflega frá því við ráðningu hans, að ráðningin sé til ákveðins tíma og sé slitið án uppsagnar við lok ráðningartímabils.

9. Forstöðumaður og framkvæmdastjóri stjórnslu- og fjármálasviðs hafa allt að 30 daga til að svara umsókn um launalaust leyfi eða beiðni um framlengingu. Um launalaus leyfi kennara og skólastjóra í grunnskólum vísast til viðmiðunarreglna Sambands íslenskra sveitarfélaga um launalaus leyfi kennara og skólastjóra í grunnskólum.
10. Sé beiðni hafnað skal viðkomandi forstöðumaður upplýsa aðila um að hægt sé að óska eftir rökstuðningi fyrir ákvörðuninni, hafi slíkur rökstuðningur ekki verið gefinn samhliða. Um birtingu ákvörðunar og rökstuðning fer eftir ákvæðum V. kafla stjórnslulaga nr. 37/1993.

Samþykkt í bæjarráði 9. júlí 2021